

Sigurlaug Eðvaldsdóttir stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og árið 1983 útskrifaðist hún þaðan. Hún stundaði framhaldsnám við Manhattan School of Music í New York hjá Ani Kvafian. Sigurlaug er fiðluleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir við Tónlistarskóla Seltjarnarness. Auk þess er hún félagi í ýmsum tónlistarhópum eins og Kammersveit Reykjavíkur, Caput og Cammerarctica.

Peter Tompkins er fæddur í Englandi. Hann stundaði nám í óbóleik við Royal Academy of Music í London á árunum 1984 til 1988. Kennarar hans voru Tess Miller og Gareth Hulse á óbó, Christine Pendrill á enskt horn og Hamish Milne á píanó. Peter hefur einnig sótt tíma í barökkóbóleik hjá Poul Goodwin og Sophia McKenna. Peter hefur verið búsettur á Íslandi frá 1988. Hann hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur tekið virkan þátt í tónleikahaldi hér á landi. Auk þess hefur hann komið fram á tónleikum víða erlendis.

Guðríður St. Sigurðardóttir lauk einleikaprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978. Hún stundaði síðan framhaldsnám við háskólann í Michigan og hefur sótt einkatíma hjá Günter Ludwig við Tónlistarháskólann í Köln. Hún hefur sótt fjölmörg námskeið meðal annars hjá John Browning, Dalton Baldwin og Erik Werba. Guðríður hefur komið fram á tónleikum á Norðurlöndunum, í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Sviss og tekið virkan þátt í tónlistarflutningi hérlandis. Hún hefur starfað í Hljómsveit íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveit Íslands og er píanókenndari við Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskólann í Reykjavík.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigurlaug Eðvaldsdóttir
fiðluleikari

Peter Tompkins
óbóleikari

Guðríður St. Sigurðardóttir
píanóleikari

Þriðjudaginn 8. júlí 1997 kl. 20:30

Sónatan í d-moll er ein af sex sönötum er fundust í þýsku handriti frá árinu 1730. Talið er að Händel hafi samið þær er hann var á Ítalíu aðeins ellefu ára gamall. Sónatan í d-moll er kirkjusónata í fjórum þáttum þar sem skiptast á hægir og hraðir kaflar.

Tónverkið *PAR* var samið árið 1984 að beiðni þriggja nemenda við Tónlistarskólann á Akureyri og frumfluttu þau verkið 17. júní sama ár við útskrift sína. Heiti verksins er myndað úr upphafsstöfum nafna þeirra, Þórarinn, Aðalheiður og Rún. Tónskáldið lýsir verkinu á eftirfarandi hátt: „Verkið er einfalt í uppbyggingu, samið út frá tveimur hugmyndum, önnur útfærð fyrir píanóið og hin fyrir hljóðfærin tvö. Það hefst á dularfullum einleikskafli fyrir píanó en mest áberandi eru látlaust tríóluspil allan upphafskafnann. Hin hljóðfærin bætast við með langar líðandi laglínur þar sem þriund ræður ríkjum. Hér er píanóið í aukahlutverki sem fylgirödd („continuo”) en undir lokin nær það forgrunni aftur með strofu sem minnir á sálmalag. Nokkur spenna er í verkinu milli dúrs og molls og í lokin virðist sem spennuni muni létta en þess í stað er eins og hin hljóðfærin vilji slíta sig laus frá C-dúr hljómunum sem píanóið lýkur sínu máli með. Því er eins og skilið sé við verkið í lausu lofti. Þessi lok verksins undirstrika enn frekar hina óráðnu framtíð sem bíður okkar.”

Ibert var nemandi Gabriel Fauré við Tónlistarháskólann í París. Eftir fyrri heimsstyrjöldina hélt hann áfram námi og vann *Prix de Rome* árið 1919. Sem tónskáld er hann best þekktur fyrir hljómsveitarsvítuna *Escales, Divertissement* og *Trois pièces brèves* fyrir blásarakvintett. Aría sem var gefin út árið 1931 er upphaflega skrifuð fyrir flautu, fiðlu og píanó með þeim möguleika þó að breyta hljóðfæraskipan laglínuradda.

Cui sýndi snemma mikinn áhuga á tónlist og hafði mikið yndi af óperum (samdi ellefu) og allri annarri tónlist fyrir söngrodd. Hann samdi mörg kammerverk þar á meðal þrjá strengjakvartetta og fiðlusónötu til viðbótar við *Cinq pièces*, op. 56. Verkið sýnir vel tilfinningu Cui fyrir þokkafullum, leikandi og ljóðrænum laglínunum.

Bach flutti til Leipzig árið 1729 og þar endurritaði hann fjölda eldri konserta þannig að synir hans og nemendur gætu spilað þá á hljómborð. Einn þessara konserta var í c-moll fyrir tvo sembala, BWV 1060. Hann fylgdi ítalska forminu í hraðavali þ.e. hratt-hægt-hratt. Konsertinn hefur verið endurskrifaður fyrir fiðlu og óbó og útgefinn bæði í c og d-moll.

Efnisskrá

Georg Friedrich Händel (1685 - 1759)	Sónata í d-moll fyrir óbó, fiðlu og fylgirödd HWV 381 Adagio Allegro Affetuoso Allegro
Oliver J. Kentish (f. 1954)	<i>PAR</i>
Jacques Ibert (1890 - 1962)	Aría
César Cui (1835 - 1918)	<i>Cinq pièces</i> op. 56 Badinage Berceuse Scherzino Nocturne Valse
Johann Sebastian Bach (1685 - 1750)	Konsert fyrir fiðlu, óbó og fylgirödd BWV 1060 Allegro Adagio Allegro